



FUNDARGERÐ

Yfirskrift / efni: 6. fundur stjórnar KLÍ, 2010-2011

Staðsetning: Skrifstofu KLÍ

Hvenær: Miðvikudag. 15.09.2010 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Ómar Kristjánsson (ÓK) fundarritari
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður

Boðuð forföll: Þórir Ingvarsson (PI) formaður
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður

Fjarverandi:

Fundarritari: ÓK

Helstu mál: Fundargerð s.f., olíuburður og utandeild

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Utandeild:

Samþykkt að útbúa kynningu á deildinni og dreifa til þeirra sem skráðir eru í fréttabréfs gagnagrunni. Þá var samþykkt að bæta í reglur um utandeildina eftirfarandi:

Í upphafi leikkvölds skal skila til umsjónarmanna nöfnum og röð leikmanna sem hefja leik og gildir sú röð fyrir það leikkvöld. Varamaður skal leika í sömu rásröð og maðurinn sem hann kemur inn á fyrir lék í. Varamenn mega aðeins koma inn á í nýjum leik, þ.e. eftir að 1. eða 2. leik er lokið og áður en nýr hefst. Tilkynna þarf umsjónarmönnum um breytingar á liði.

3. Olíuburður:

Samþykkt að nota „Stone Street“ olíuburð í deildarbikar í vetur skv. tillögu tækninefndar. Stjórnin óskaði eftir tillögu frá nefndinni um annan olíuburð í Íslandsmóti félaga.

4. Önnur mál:

Öll félög hafa samþykkt breytingar á reglugerðum um Íslandsmót félaga og deildarbikar liða.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið 18:30 – næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 29. september kl. 17:30.